

SAMSTARFSSAMNINGUR

Hafnarfjarðarbær kt. 590169-7579 og Íþróttabandalag Hafnarfjarðar kt. 670169-0229 gera með sér eftirfarandi samning um uppbyggingu, rekstur, viðhald og afnot af Íþróttamannvirkjum í Hafnarfirði. Auk eflingar Íþróttastarfs yngri iðkenda Íþróttafélaganna.

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar mun vinna að því að í fjárhagsáætlun hvers árs verði sérstök fjárveiting til þessara málaflokka:

1. Rekstrarstyrkja til ÍBH og aðildarfélaga, vegna íþróttamannvirkja og skrifstofuhalds.
 2. Til nýbygginga íþróttamannvirkja á vegum aðildarfélaga ÍBH í samræmi við forgangslista ÍBH.
 3. Til meiriháttar viðhaldsframkvæmda íþróttamannvirkja í rekstri íþróttafélaga.
 4. Rekstrarframlag til íþróttafélaganna vegna yngstu iðkenda þeirra s.s. til trygginga, innanlandsferða, kennslu og námskeiða
- Íþrótt- og tórnstundanefnd gerir tillögur til bæjarráðs um skiptingu þessa fjár samkvæmt nánari reglum sem því eru settar.

2. gr.

ÍBH fær til úthlutunar tímum í íþróttahúsnæði/mannvirkjum í eigu eða leigu bæjarfélagsins og öðrum íþróttahúsum/mannvirkjum sem bærinn hefur aðstoðað við að byggja. Tímafjöldi til úthlutunar ákveður íþrótt- og tórnstundanefnd hverju sinni, sem ÍBH sér síðan um að skipta á milli aðildarfélaga og skal gæta þess að um jafnræði verði í þeirri úthlutun. Aðilar eru sammála um að vinna að góðri nýting íþróttamannvirkja í Hafnarfirði og unnið verði sameiginlega að því markmiði að efla íþróttastarfið í bænum. Einnig eru aðilar sammála um að stefna að því að íþróttastarf barna- og unglinga hefjist sem fyrst að deginum til þess að tryggja sem best samfellu skólastarfs og íþróttastarfs og stuðla þannig að fjölskylduvænu umhverfi. Um leigu bæjarins á íþróttahúsum/mannvirkjum einstakra félaga skal gerður sérstakur leigusamningur milli aðila.

3. gr.

Hafnarfjarðarbær mun leigja ÍBH tíma í íþróttahúsum/mannvirkjum sínum fyrir sem næst sannvirði rekstrarkostnaðar, (stofn- og vaxtakostnaður ekki reiknaður með). Reiknað er með því að íþróttahúsnæði/mannvirki í eigu íþróttafélaga fái hliðstæð leigugjöld og íþróttahús í eigu bæjarins (tillit skal þó tekið til fjármagnskostnaðar viðkomandi íþróttafélags við byggingu mannvirkisins).

R
R
MGM

7. gr.

Þegar íþróttafélag ætlar að byggja íþróttamannvirki sem falla eiga undir þennan samning, verður að leggja fyrir bæjarstjórn til samþykktar teikningar, kostnaðaráætlun, framkvæmdaráætlun og áætlun um fjármögnun. Samþykki bæjarstjórn að gerast þátttakandi í framkvæmdinni skal gerð greiðsluáætlun og þar kemur fram með hvaða hætti eignarhlutur bæjarins í byggingarkostnaði verði greiddur og greinagerð íþróttafélags um greiðslu á sínum eignahlut. Drög að samningi um rekstur og notkun viðkomandi íþróttamannvirkis skal liggja fyrir við samninga um framkvæmdir.

Miða skal við að fjármögnun verði að jafnaði þannig að hlutur bæjarins verði 90% og hlutur íþróttafélags 10%. Heimilt verður þó að breyta þessari skiptingu með tilliti til hvers konar íþróttamannvirki samið er um byggingu á, t.d. ef megin afnotin verður fyrir skóla, almenning, eða annað sem talið er réttlæta aðra skiptingu fjármögnunar.

Varðandi eldri samninga milli aðila með kostnaðarskiptingu 80/20 verður hægt að semja um breytingar á eignarskiptingu í íþróttamannvirkjum milli bæjarins og íþróttafélaga, sem byggt hafa samkvæmt þeirri reglu síðustu árin. Meginregla þeirra samninga verði annars vegar með yfirtöku bæjarins á skuldum félagsins við bæinn og hinns vegar með samningum um nýframkvæmdir, þ.e. eignarhlutur félagsins færast yfir á nýframkvæmd. Samhliða eignarbreytingum verður um endurskoðun á rekstrarsamningum um viðkomandi íþróttamannvirki að ræða í ljósi breytinga.

8. gr.

Öll mannvirki sem Hafnarfjarðarbær hefur tekið þátt í að byggja og mun taka þátt í samkvæmt þessum samningi eru óframseljanleg nema samþykki bæjarstjórnar liggja fyrir og andvirði renni til réttshafa í samræmi við framlegð þeirra til stofnframkvæmda.

9. gr.

ÍBH skuldbindur sig til að taka þátt í störfum eftirlitsnefndar með fjármálum íþróttá- og tómsfundafélaga. Reglur verða settar um störf nefndarinnar, sem starfar í umboði bæjarráðs og er ætlað að hafa eftirlit með fjármálum íþróttá- og tómsfundafélaga, sem fjárstuðnings njóta úr bæjarsjóði.

10. gr.

Íþróttá- og tómsfundanefnd og íþróttáfulltrúi skulu fylgjast með því að samningum sé framfylgt og íþróttamannvirkin séu rekin samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum þar að lútandi. Verði talið að ákvæði samnings þessa hafi verið brotin, skal gera viðeigandi ráðstafanir til úrbóta. Áður skal stjórn viðkomandi félags vera aðvöruð með bréfi. Beri það ekki árangur getur Hafnarfjarðarbær og/ eða sá aðili sem brotið er á, sagt upp samningnum án frekari fyrirvara.

Verði verulegar vanefndir af hálfu Hafnarfjarðarbæjar, getur stjórn ÍBH sagt samningnum upp.


S. M. M.

4. gr.

Aðilar þessa samnings skulu veita almenningi aðgang að íþróttahúsum/mannvirkjum og annarri aðstöðu eins og við verður komið. Íþróttahreyfingin skal ráðstafa minnst 3% af úthlutuðum tímum til almenningsíþróttá s.s íþróttaskóla barna, íþróttum eldri félagsmanna, fyrirtækjahópa ofl.

5. gr.

Rísi upp ósættanlegur ágreiningur um úthlutun tíma innan ÍBH getur íþróttá- og tómstundanefnd afturkallað umboð ÍBH til úthlutunar á tímum í íþróttahúsum/mannvirkjum sem bærinn hefur ráðstafað og séð um úthlutunina.

Íþróttá- og tómstundanefnd í umboði Hafnarfjarðarbæjar mun nýta íþróttamannvirki í eigu bæjarins til að gera aðstöðu íþróttafélaganna til æfinga og keppni sem jafnasta.

6. gr.

1. Rekstrarstyrkir eru:

- a) Bærinn greiði með leigustyrk fyrir íþróttahúsnæði sem hann úthlutar ÍBH og aðildarfélögum þess til æfinga og keppni.
- b) Styrkur til íþróttafélaga ár hvert, sem nemur álagðri lóðarleigu og fasteignaskatti íþróttamannvirkja þeirra.
- c) Styrkir til rekstrar íþróttasvæða svo sem knattspyrnu-, frjálsíþróttá- og golfvalla, skíða-, siglinga- og skotsvæða, fimleikaaðstöðu o.s.frv.
- d) Fjárveiting í Ferða- og viðurkenningarsjóð, Afreksmannasjóð hafnirskra íþróttamanna og annarra styrkja.
- e) Skrifstofuhalds ÍBH og aðildarfélag þess.

2. Til bygginga íþróttamannvirkja á vegum aðildarfélag ÍBH í samræmi við forgangsörðun ÍBH. Gatnagerðagjöld skulu felld niður. Taka skal sérstakt tillit til fjármagnskostnaðar sem íþróttafélagin verða fyrir í flýti framkvæmdum þegar samið er um lokauppgjör verka.

3. Til meiriháttar viðhalds framkvæmda íþróttamannvirkja í rekstri og eigu aðildarfélag ÍBH. Rekstrarstjóri viðkomandi íþróttafélags í samráði við íþróttafulltrúa og Fasteignafélag bæjarins skal gera tillögu um meiriháttar viðhalds framkvæmdir á húsnæði/mannvirkni og lóð. Greiðslur fara síðan fram í réttu eignarhlutfalli eigenda íþróttamannvirkis. Viðhald skal skilgreint nánar í rekstrarsamningum á milli íþróttafélags og Hafnarfjarðarbæjar.

4. Rekstrarframlög vegna þátttöku bæjarins í kostnaði íþróttafélaganna á starfsemi 16 ára og yngri íþróttaiðkenda s.s: tryggingar- og slysagjöldum, keppnisferðum innanlands og þjálfunarkostnaði leiðbeinenda með fullnægjandi menntun til þjálfunar og kennslu íþróttamanna.

Um öll ofangreind atriði skulu gerðir sérstakir samningar milli samningsaðila .


Mey

11. KL.

Samningur þessi gildir ótímabundið. Hvor samningsaðili getur sagt samningnum upp með 6 mánaða fyrirvara miðað við áramót. Endurskoðun samningsins skal þó fara fram eftir fimm ár í ljósi reynslunnar.

12. KL.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hver samningsaðili sínu eintaki. Til staðfestingar undirrita samningsaðilar samning þennan í viðurvist tveggja vitundarvotta.


Hafnarfirði,

21.02 2008

F.Þ. Hafnarfjarðarbæjar

F.Þ. Íþróttabandalags Hafnarfjarðar



Vottar að rétttri dagsetningu
fjárræði og undirskrift aðila:

